

Nr. 37/1894:

Sigfús Sveinbjarnarson
 gegn
 Konráði Hjálmarssyni.

Úrskurður:

Mál þetta var í hjerði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta-Jósepssyni fyrir hönd Konráðs Hjálmarssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarssyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum 19. sept. 1893 á þá leið, að Sigfús var dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi, enn fremur til að borga 50 kr. í málskostnað, og hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður, og að stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins, og loksins að nokkur tilgreind orð í gestarjettar-sóknarskjölum hins stefnda verði dæmd ómerk. Hinn stefndi Konráð Hjálmarsson, sem að eins hefur lagt formhlið málsins undir dóm, hefur krafizt þess, að málinu verði frá vísað og áfrýjandi dæmdur til að greiða 20

kr. í kost og tæringu, en til vara, að honum verði veittur 14 daga frestur til andsvara í aðalefni málsins.

Frávísunarkröfu sína byggir hinn stefndi á því, að undirrjettardómurinn sje upp kveðinn 19. sept. 1893 og hafi þá þegar á eptir verið birtur áfrýjanda, en yfirrjettarstefna hafi eigi verið gefin út fyrir en 27. ágústmán. f. á., og hafi áfrýjunarfresturinn þá verið fyrir löngu liðinn. En þar sem það er in confesso, að einmitt þessu sama máli hefur áður verið áfrýjað til yfirdómsins og að því þá var vísað frá rjettinum 20. ágústmán. f. á. fyrir þá skuld, að hinum rjetta sakaraðila var eigi stefnt, er þessi síðari áfrýjun málsins að þessu leyti lögleg, sbr. reskr. 19. desbr. 1749, og gjörir það í þessu efni engan greinarmun, hvort hinum stefnda hefur verið kunnugt um fyrra málskotid eður eigi. Frávísunarkrafa hins stefnda verður því ekki tekin til greina, en honum veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Því úrskurðast:

Stefnda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.